

Minnisblað starfshóps um velferðarmál

Fulltrúar í starfshópi

- Listi yfir fulltrúa og netföng

Lýsing á verklagi starfshópa

Hlutverk starfshópa er að kortleggja stöðu mála á þeim málsviðum sem þeir hafa til umfjöllunar og gera tillögur að framtíðarsýn og markmiðum:

- Starfshóparnir kortleggja styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri og gera grein fyrir kostum og ókostum sameiningar fyrir íbúa sveitarfélaganna.
- Starfshóparnir draga upp framtíðarsýn fyrir þau málefnasvið sem þeir hafa til umfjöllunar.
- Starfshóparnir gera lista yfir helstu markmið sem þarf að ná til að raungera framtíðarsýnina.

Afurð starfshópavinnu er minnisblað til samstarfsnefndar þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum.

Viðfangsefni

Hlutverk starfshópsins er að fjalla um félagsþjónustu, barnavernd, samþættingu í þágu farsældar barna, málefni fatlaðs fólks og málefni aldraðra. Meðal þess sem vert er að hafa í huga er:

- Hvert er hlutverk sveitarfélaganna á þeim málsviðum sem hópurinn hefur til umfjöllunar?
- Er svæðisbundinn munur á þjónustu og þjónustubörf innan þjónustusvæðisins?
- Hvaða áhrif myndi sameining hafa á þjónustuna?
- Eru tilefni eða tækifæri til breytinga á skipulagi starfseminnar til að hagræða eða veita betri þjónustu?

Stöðugreining

Í stöðugreiningunni eru kostir og ókostir núverandi stöðu tilgreindir og bornir saman við kosti og ókosti í sameinuðu sveitarfélagi á þeim málsviðum sem hópurinn hefur til umfjöllunar. Þeir eru:

- Félagsþjónusta
- Barnavernd
- Samþætting í þágu farsældar barna
- Málefni fatlaðs fólks
- Málefni aldraðra

Núverandi staða	Sameinað sveitarfélag
1. félagsþjónusta - a. Húnaþing- teymið er, sálfræðingur 50 % , sviðstjóri í 100 % stöðu, 100% félagsráðgjafi	1. félagsþjónusta - yrði stærra og faglegra teymi á bak við þennan málaflokk almennt- fagleg fjarlægð kostur- dreift álag. betur sjá augu en auga.

b. Dalabyggð - öll verkefni heyra undir einn verkefnastjóra, sem er félagsráðgjafi í 100% starfi c. - samningur við sálfræðing í rvk - er verið að vinna að innleiðingu farsælda barna - gott að eldast - staða nokkuð góð/ 2. Barnavernd a. Dalabyggð - hefur tekist að vinna vel úr málum sem höfðu safnast upp og setið á hakanum varðandi barnavernd- er verið að vinna að innleiðingu í mið norðurland. b. húnaþing - staðan er góð 3. samþætting í þágu farsældra barna a. Húnaþing- mjög góð staða b. dalabyggð - lítil reynsla komin á verkefnið, en komið af stað 4. málefni fatlaðs fólks a. húnaþing - er í samstarfi skagafirði og austur hún, skagafjörður er leiðandi í málefnum fatlaðs fólks - staða góð b. dalabyggð - c. húnaþing - búsetuúrræði fyrir fatlaða með sólarhrings umönnun- staða góð 5. málefni aldraðra a. húnaþing - í toppmálum. b. dalabyggð -virkt eldri borgara félag c. gott að eldast í góðum gír	a. starfsfólk- gæti orðið auðveldara að manna stöður b. meira samtal og getum lært af reynslu hvors annars. 2. Barnavernd a. Dalabyggð myndi detta fyrir inn mið norðurland 3. samþætting í þágu farsældra barna a. allt betra 4. málefni fatlaðs fólks - a. 5. málefni aldraðra a. meira samstarf b. meira fjör
---	--

Ókostir

Núverandi staða	Sameinað sveitarfélag
1. félagsþjónusta a. stundum erfitt að vinna mál í litlu samfélagi þar sem allir þekkja alla. b. getur verið erfitt að manna núverandi stöður 2. Barnavernd a. húnaþing - nálægðin dettur út vegna mið norðurlands b. dalabyggð - einyrkjastaða núverandi verkefnastjóra, engin	1. félagsþjónusta - boðleiðir geta lengst 2. Barnavernd - engir 3. samþætting í þágu farsældra barna a. engir 4. málefni fatlaðs fólks. 5. málefni aldraðra - a. erum frekar aldrað sveitafélag

barnaverndarnefnd - er á undanþágu vegna barnaverndarmála. 3. samþætting í þágu farsældra barna a. dalabyggð- að verkefni hafi ekki farið fyrr af stað. 4. málefni fatlaðs fólks a. dalabyggð - ekkert í boði fyrir fatlaða einstaklinga eftir að skóla líkur, b. mikill kostnaður og reglur sem þarf að uppfylla í samstarfinu. c. skammtíma dvölin er á sauðárkrók 5. það vantar félagsmiðstöð aldraðra í dalabyggð a. sveiflur í þörfum. b. oft erfitt að manna	
--	--

Framtíðarsýn og markmið

Á grundvelli stöðuggreiningar dregur starfshópurinn upp mynd af æskilegri stöðu í starfsemi sveitarfélagsins og þjónustu eftir 10 ár í sameinuðu sveitarfélagi, þ.e. þeirri stöðu sem vinna ætti að. Einnig skilgreinir hópurinn markmið sem vinna þarf að til að raungera framtíðarsýnina. Skilgreina skal a.m.k. eitt markmið fyrir hvern málaflokk sem hópurinn fjallar um.

Framtíðarsýn starfshópsins:

framtíðarsýn okkar er að það verði faglegt teymi í öllum málaflokkum og við berum gæfu til að nýta mannauð og þekkingu og reynslu úr báðum sveitarfélögum.

Einnig að búsetuúrræði og þjónusta bæði fyrir aldraða og fyrir fólk með fatlanir séu til staðar.

Að fólk fái faglega þjónustu til sjálfsbjargar t.d fjármálalæsi, íslensku námskeið og vinnuúrræði.

Styðja við fólk inn í samfélagið, vera einu skrefi á undan, grípa fólk áður en það einangrast og að staða starfandi tengiráðgjafa verði til frambúðar.

Að sveitarfélagið sé í stakk búið að takast á við lítil sem alvarleg neyðartilvik sem tengjast barnavernd og að lífsgæði allra íbúa í sveitarfélaginu verði eins og best er á kosið.

Markmið:

Félagsþjónusta

- að ýta starfshópnum saman, nýta ráð og búa til verkferla og samræma reglur og allt viðkemur félagsþjónustu.

- markmið að laða að fleiri fagstéttir, t.d iðjuþjálfar, þroskaþjálfar og talmeinafræðingar. Að þeir hafi kost á því að vinna 100% vinnu og geti haft búsetu í sveitarfélaginu

Barnavernd

- auka þekkingu starfsfólks sem starfar með börnum, unglingum og ungmennum til þekkja merkin og grípa inni þegar þörf er á.

Samþætting í þágu farsældar barna

- að halda áfram þeirri vinnu sem hafin er nú þegar.
- kynna farsældar vinnuna vel fyrir íbúum og sérstaklega að passa að þeir sem koma nýir inní samfélagið séu upplýstir um hvernig farsældin virkar.

Málefni fatlaðs fólks

- auka fagþekkingu
- að aksturþjónusta verði minna vandamál

Málefni aldraðra

- að fá lífsgæðakjarna á báða staði og að dagþjónusta sé á báðum stöðum.

Samantekt

framtíðarsýn okkar er að það verði faglegt teymi í öllum málaflokkum og við berum gæfu til að nýta mannauð og þekkingu og reynslu úr báðum sveitarfélögum. Það gerum við með því að ýta starfshópnum saman, nýta ráð og samræma verkferla og reglur um allt sem viðkemur félagsþjónustu.

Einnig að búsetuúrræði og þjónusta bæði fyrir aldraða og fyrir fólk með fatlanir séu til staðar t. d með því að auka fagþekkingu allra starfsmanna og fá lífsgæðakjarna á báða staði sem og að dagþjónusta og askturþjónusta sé til staðar.

Að fólk fái faglega þjónustu til sjálfsbjargar t.d fjármálalæsi, íslensku námskeið og vinnuúrræði.

Styðja við fólk inn í samfélagið, vera einu skrefi á undan, grípa fólk áður en það einangrast og að staða starfandi tengiráðgjafa verði til frambúðar.

Við þurfum að tryggja það að allt starfsfólk hafi kost á því að sækja sér aukna þekkingu sem tengjast þeim störfum sem þau sinna til að geta brugðist við af fagmennsku. Við þurfum að halda áfram að vinna með farsæld í þágu barna og kynna hana vel fyrir íbúum og þá sértaklega fyrir þeim sem koma nýjir inní samfélagið.

Að sveitarfélagið sé í stakk búið að takast á við lítil sem alvarleg neyðartilvik sem tengjast barnavernd og að lífsgæði allra íbúa í sveitarfélaginu verði eins og best er á kosið.

Það eru engar stórar hindranir í því að sameina þessa málaflokka í sveitarfélaginu en það eru áskoranir og tækifæri til að gera betur.